

Ný skýrsla: Lífrænn úrgangur til landgræðslu - tækifæri. Viðtal um seyru á ÍNN

Til : Fjallabyggð
Frá : Áskell Þórisson <askell@land.is>
Heiti : Ný skýrsla: Lífrænn úrgangur til landgræðslu - tækifæri. Viðtal um seyru á ÍNN
Málsnúmer : 1702005
Málsaðili : Landgræðsla ríkisins
Skráð dags : 01.02.2017 11:31:27
Höfundur : Áskell Þórisson <askell@land.is>

[Gunnarsholti 1. febrúar 2017](#)

Ágæta sveitarstjórnafólk

Fyrir skömmu kom út hjá Landgræðslunni skýrslan **Lífrænn úrgangur til landgræðslu - tækifæri**. Við ákváðum að senda slóð á skýrsluna til ykkar sem eigið sæti í sveitarstjórnnum og umhverfisnefndum sveitarfélaga eða starfið fyrir sveitarfélögin á þessum vettvangi. Einnig vildum við vekja athygli á viðtali á ÍNN í byrjun árs en þar er rætt um sama mál.

SKÝRSLAN

Í skýrslunni er fjallað um húsdýraáburð, kjötmjöl, moltu og seyru svo eitthvað sé nefnt. Ég bendi ykkur sérstaklega á það sem sagt er um seyru í skýrslunni, en lengi vel var talið að seyra væri úrgangur sem þyrfti að farga og engin leið að nýta. Þetta er rangt, því seyru má hæglega nota til landgræðslu sé hún meðhöndluð rétt. Skýrslan er á heimasíðu Landgræðslunnar og slóðin er:

http://land.is/wp-content/uploads/2015/11/20170119_Lr-2017_02.-L%C3%ADfr%C3%A6nn-%C3%BArgangur-til-landgr%C3%A6%C3%B0slu.-T%C3%A6kif%C3%A6ri.pdf

RÆTT UM SEYRU Á ÍNN

Ég ræddi um seyru í þætti sem var sýndur á ÍNN í byrjun janúar. Þar kemur m.a. fram að nýting seyru á Íslandi er nánast engin. Árið 2012 hóf Hrunamannahreppur samstarf við Landgræðsluna um athuganir á áhrifum seyru til uppgræðslu (sjá bls. 9) og jákvæð niðurstaða leiddi til þess að fimm sveitarfélög á Suðurlandi hófu samstarf um að nýta allan þurrhluta seyru til landgræðslu. Þarna er því komin reynsla sem mun án efa nýtast öðrum sveitarfélögum. Ég hvet ykkur til að skoða þetta í skýrslunni og eins að hlusta á viðtalið – sem snýst um seyru – eins og áður var getið. Slóð á viðtalið er:

http://www.inntv.is/Horfa_a_thaetti/Graedum_landid/?play=200225880

.....

Lífrænn úrgangur hefur verið notaður til uppgræðslu víða um land þar sem það hefur þótt henta m.t.t. kostnaðar og umhverfislegra þátta. En almennt má segja að lífrænn úrgangur hafi ekki verið notaður á markvissan hátt nema af bændum sem nota húsdýraáburð á tún og önnur ræktarlönd. Lífrænn úrgangur er ekki besti áburður sem völ er á hvað varðar styrk næringarefna eða kostnaðar við nýtingu, en er á margan hátt betri kostur en tilbúinn áburður og mikilvægur efniviður sem ætti að nýta miklu meira til uppgræðslu og landbóta en gert er.

Að sjálfsögðu erum við hjá Landgræðslunni tilbúin til að ræða við sveitarstjórnarfólk um nýtingu lífræns úrgangs til landbóta. Hér er á ferð mál sem er umhverfislega afar mikilvægt. Í náinni framtíð verður líklega bannað að urða lífrænan úrgang eða veita honum í hafið og því skiptir miklu að sveitarfélögin hugi að þessum málaflokki og komi honum í betri farveg.

Með bestu kveðju,
Magnús H. Jóhannsson,
sviðsstjóri Þróunarsviðs Landgræðslunnar.
Netfang: magnus@land.is
Sími: 488-3019

Ítarefni:

Komum öllum lífrænum úrgangi aftur út í næringarhringrás náttúrunnar:

<http://land.is/2016/04/15/komum-ollum-lifraenum-urgangi-aftur-ut-i-naeringarhringras-natturunnar/>

Seyra til uppgæðslu á Hrunamannaafretti:

<http://land.is/wp-content/uploads/2015/11/Seyra-lokask%C3%BDrsla-2016-.pdf>

Þessi póstur er sendur til þeirra sem sitja í sveitarstjórnnum, hreppsnefndum, umhverfisnefndum og í sumum tilvikum bygginganefndum. Einnig fer pósturinn til starfsmanna sveitarfélaga, sem eru með skráð starfsheiti og netföng á heimasíðum sveitarfélaga, og vinna í þeim málaflokkum sem bréfið fjallar um. Þeir sem vilja að netfang þeirra verði tekið af póstlista eru beðnir um að senda nafn og netfang til: askell@land.is eða hringja í Áskel í síma 896 3313.